



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Aðalfundur 21. apríl 2021

Staðsetning fundar: Zoom

Dagsetning: 21.04.2021 kl. 12:00

Mætt eru f. h. Grænnar byggðar: Ragnar, Þórhildur, Sirrý, Ólafur, Kristjana, Alexandra, Olga, Bjarni Þór. **Fundargestir:** Þóra M. Þorgeirsdóttir, Íris Þórarinsdóttir, Hinrik H., Aldís, Brynjólfur Bjarnason, Björn Karlsson, Malgorzata, Móheiður, Örn Guðmundsson, Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, Ásta, Elísabet Sara, Kristján Arinbjarnarson, Ásta Sigríður Jóhannesdóttir, Bergþóra K, Þorsteinn, Magnús Sigfússon, Dagmar, Sandra, Ólöf Salman Guðmundsdóttir

Fundarritari: Alexandra

Stjórnarmeðlimir fram að aðalfundi:

- Alexandra Kjeld (AK) – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
- Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is
- Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir fasteignafélag – kristjana@reitir.is
- Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
- Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is / olafur.w@nmi.is
- Ragnar Ómarsson (RÓ) – Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
- Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB) – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is

Stjórnun og skipulagning fundar:

- Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Grænni byggðar – tk@graennibyggd.is

Fundarstjóri:

Ólöf Salman Guðmundsdóttir, PAGO

Dagskrá fundar 21.04:

1. Byggjum grænni framtíð – Þóra Margrét Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
2. Skýrsla stjórnar um störf félagsins. Ragnar Ómarsson, formaður stjórnar
3. Starfsáætlun stjórnar. RÓ
4. Fjárhagsáætlun stjórnar. Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri
5. Reikningsskil. Kristjana Ósk Jónsdóttir, gjaldkeri
6. Tillögur og breytingar á lögum félagsins. RÓ
7. Kjör stjórnar
8. Kjör skoðunarmanna (sbr. 6. gr)
9. Önnur mál



Ólöf Salman Guðmundsdóttir, fundarstjóri, setur aðalfund Grænni byggðar og kynnir dagskrá fundar.

1. Byggjum grænni framtíð – Þóra Margrét Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri verkefnisins hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Ólöf kynnir til leiks Þóru Margréti sem kynnir stöðu verkefnisins **Byggjum grænni framtíð**. Þóra byrjar á að þakka sérstaklega aðkomu Grænni byggðar að verkefninu, sem rótar sig í aðgerð C.3 í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Grænni byggð, SI, UST, Samband íslenskra sveitarfélaga, HMS, Vegagerðin og Félagsmálaráðuneytið sitja í verkefnastjórn verkefnisins. Verkefnið snýr að því að hanna **vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð árið 2030** þar sem: losunartölur byggingariðnaðarins eru skilgreind á viðmiðunarári, markmið sett um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og um minni umhverfisáhrif frá byggingargeiranum og skilgreindar eru aðgerðir og þær tímasettar 2021-2030. Heimasíða er á byggjumgraenniframtid.is og í aðdraganda verkefnisins voru gerðar tvær stöðugreiningar á stöðu loftslagsmála í byggingargeiranum á Íslandi og á Norðurlöndum.

6 hópar voru skilgreindir í janúar 2021 til þess að setja af stað vinnu við að skilgreina aðgerðir í tengslum við 1) byggingarefni, 2) framkvæmdasvæði, 3) notkun, 4) lok líftíma/hringrásin, 5) skipulag og hönnun, 6) mælingar á losun mannvirkjagerðar.

Markmið verkefnisins er að ná til sem flestra hagaðila og til allrar virðiskeðjunnar. Til að tryggja framgöngu verkefnis og innleiðingu áætlunar var reynt að tryggja breitt samstarf og eignarhald verkefnis. Þetta hefur tekist að miklu leyti með hópavinnu 32 sérfræðinga, viðtölum við hagaðila, og með fimm vinnustofur í mars með um 160 þátttakendum.

Hóparnir klára tillögur sínar og skila inn í þessari viku. Verið er að skipa ritstjórn fyrir Vegvísinn með eftirtöldum aðilum: Birgittu Stefánsdóttur hjá UST, fulltrúa SI, Þóru Margréti HMS og Þórhildi Fjólú Gb. Gert er ráð fyrir að hægt verði að gefa út vegvísi um miðjan eða lok júní. Um er að ræða fyrstu tillögu, og verður gert ráð fyrir að þessi áætlun verði áfram í mótun á næstu árum. Þóra hvetur alla áhugasama um að hafa samband ef einhverjar spurningar eða vangaveltur eru á thora.thorgeirsdottir@hms.is

2. Skýrsla stjórnar um störf félagsins. Ragnar Ómarsson, formaður stjórnar

„Með aðkomu Grænni byggðar að skipulagningu verkefnisins Byggjum grænni framtíð hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hófst vinna við verkefnið sem er liður í uppfærðri aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum varðandi loftslagsáhrif byggingariðnaðarins.

Þetta samstarf staðfestir að rödd Grænni byggðar hefur í vaxandi mæli öðlast hljómgrunn meðal opinberra aðila og hjá almenningi.

Stjórn félagsins hefur á árinu einbeitt sér að því að efla tengsl við norræn systurfélög í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi og mun samstarf þessara aðila bera ávöxt



nú á næstu misserum í sameiginlegum vefatburðum þar sem fjallað verður um málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.

Þá hefur stjórnin stigið ákveðin skref í átt til þess að taka að sér hlutverk umboðsaðila BREEAM á Íslandi og með því hyggst félagið styðja við vöxt umhverfissvottunar mannvirkja og skipulags með því að leiða fræðslu á þessu sviði. Loks hefur stjórnin undirbúið aðildarbreytingu að World Green Building Council með það að markmiði að opna leið fyrir nánara samstarf í Evrópskum rannsóknarverkefnum um sjálfbærni mannvirkja.

Á árinu 2020 bættust 9 aðilar við félagið og eru nú samtals 52. Til aðildarfélaganna hefur stjórn og framkvæmdastjóri gjarnan leitað um aðstoð og ráðgjöf í þeim úrlausnarmálum sem uppi eru hverju sinni og vil ég færa aðildarfélagunum bestu þakki fyrir stuðning þeirra.

Aðsetur Grænni byggðar er í eigin leiguhúsnæði að Laugavegi 176 og er það fyrsta skrefið sem tekið hefur verið í átt til þess að standa á eigin fótum með aðstöðu. Með Þórhildi Fjólu Kristjánsdóttur framkvæmdastjóra hafa starfað starfsnemar sem sinnt hafa heimasíðu og samfélagsmiðlum samfara því að takast á við útgáfuverkefni af ýmsu tagi. Þórhildur Fjóla hefur nú ákveðið að hætta störfum og hefur staða framkvæmdastjóra verið auglýst og hafa 27 umsóknir borist í starfið. Samstarf stjórnar og Þórhildar hefur verið afskaplega gott og starf hennar gjöfult fyrir félagið og fyrir hönd félagsins vil ég þakka henni sérstaklega fyrir hennar framlag.

Á árinu 2020 stóð Grænni byggð fyrir fjölda atburða og má nefna í því sambandi Dag Grænni byggðar, samstarf Grænni byggðar með lðunni um morgunfundi, IcelandSif um græn skuldabréf og Umhverfisstofnun og Reiti um Svansvottaðar endurbætur á húsnæði. Samkomutakmarkanir síðasta árs hafa leitt til þess að viðburðir eru teknir upp í vefstreymi og síðan gerðir aðgengilegir á heimasíðu félagsins.

Ágætu félagar. Síðasta ár var viðburðaríkt og vegur félagsins vex ár frá ári.

Framundan eru spennandi tímar með nýjum áskorunum. Með samhug og samstarfi horfir stjórn félagsins fram á veginn með eftirvæntingu og bjartsýni. Það er nauðsynlegt að við gefum loftslagsvandann rækilega gaum, en jafnframt þurfum við að horfa lengra fram í tímann og leggja á ráðin við mannvirkjagerð þannig að þörfum nútímans sé mætt án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.“

Þóra bendir sérstaklega á að næsti norræni viðburður verður Sumardaginn fyrsta (erindi verður sett á netið til að horfa eftir á), og þarnaest 27. maí um hvernig hægt er að lækka kolefnisspor bygginga um helming, m.a. erindi frá Katrine Bramslev og Future Built verkefninu í Noregi, auk Vistbyggðar.

3. Starfsáætlun stjórnar

Ragnar Ómarsson, formaður, kynnir starfsáætlun stjórnar fyrir næsta ár. Haldinn var opinn fundur aðildarféлага þann 17. mars 2021. Fyrir fundinn var lögð fyrir aðildarféлага spurningakönnun þar sem spurt var um áherslur. Helstu niðurstöður stefnumótunarinnar voru eftirfarandi málefni, sem flokkuð voru þrennt:

Rekstur

- *Að skerpa á greinarmun milli aðildarflokka án þess að skerða núverandi ávinning aðildarféлага*
- *Að semja síðareglur félagsins*
- *Að treysta fjárhagslegar stöðir félagsins með því að efla samstarf um rannsóknir innan WGBC og taka að sér hlutverk umboðsaðila BREEAM á Íslandi*



- *Að skjalfesta starfsmannastefnu félagsins*
- *Að búa félaginu eigin aðstöðu sem rúmar alla starfsemi þess*

Starfsemi

- *Að efla Dag Grænni byggðar*
- *Að halda árleg málþing um tiltekin málefni í samstarfi við aðra*
- *Að skipuleggja og halda reglubundna morgunverðarfundi með svipuðu sniði og verið hefur*
- *Að koma á legg reglubundnum námskeiðum um sjálfbærni mannvirkja og skipulags*
- *Að opna á aukna samvinnu við aðildarfélög um málaflokkinn*
- *Að veita umsagnir um stefnumótun yfirvalda á vettvangi sjálfbærni*

Áherslur

- *Efnahagslegir hvatar til aukinnar sjálfbærni*
- *Vegvísir fyrir aðildarfélög um sjálfbæra þróun í mannvirkjagerð*
- *Hringrásarhagkerfið og lífsferill hringrásar, gæði, endurnýting og minni soun*
- *Aðgerðir í loftslagsmálum*
- *Heilsa og vellíðan*
- *Innvist - heilsa, hljóð, sjón og snerting*
- *Nýsköpun og uppbygging*
- *Verndun vistkerfa í manngerðu umhverfi*
- *Ábyrg neysla og framleiðsla*
- *Mat á sjálfbærni mannvirkja*
- *Sjálfbærar borgir og samfélög*
- *Vistvænt skipulag*

Gengið var frá þessari stefnumótun á opnum fundi aðildarfélagana. Lá hún til grundvallar fyrir stjórn félagsins að móta starfsáætlun næsta árs, en hugmyndin er að slík starfsáætlun verði borin upp til kosningar á hverju ári á aðalfundi líkt og nú.

Starfsáætlun stjórnar 2021 er eftirfarandi:

Rekstur 2021

- *Að ganga frá umsókn um aukna aðild að WGBC og styrkja tengsl Grænni byggðar við önnur félög í Evrópu*
- *Að ljúka við samninga við BRE Global Ltd. um að Grænni byggð taki að sér hlutverk umboðsaðila BREEAM á Íslandi*
- *Að móta starf Grænni byggðar í nýju hlutverki*
- *Að skjalfesta starfsmannastefnu félagsins*

Starfsemi 2021

- *Að efla Dag Grænni byggðar*
- *Að halda árlega tvö málþing um tiltekin málefni í samstarfi við aðra*
- *Að skipuleggja og halda minnst 8 morgunverðarfundi með svipuðu sniði og verið hefur*
- *Að koma á legg reglubundnum námskeiðum um sjálfbærni mannvirkja og skipulags og BREEAM vottun*
- *Að sækja um styrki fyrir rannsóknarverkefni*
- *Að móta samfélagsverðlaun Grænni byggðar*

Áherslur 2021

- *Efnahagslegir hvatar til aukinnar sjálfbærni*
- *Vegvísir fyrir aðildarfélög um sjálfbæra þróun í mannvirkjagerð*
- *Hringrásarhagkerfið og lífsferill hringrásar, gæði, endurnýting og minni soun*



- Aðgerðir í loftslagsmálum
- Innivist - heilsa, hljóð, sjón og snerting
- Nýsköpun og uppbygging
- Ábyrg neysla og framleiðsla
- Mat á sjálfbærni mannvirkja
- Sjálfbærar borgir og samfélög
- Vistvænt skipulag

Engar athugasemdir voru gerðar við tillögu að starfsáætlun. Spurt var um fyrirkomulag samfélagsverðlauna Grænni byggðar. Ragnar sagði frá því að þetta væri í mótun og Þóra sagði frá því að hafið væri samtali við LHÍ, HMS og Rb - þetta hefði einnig borið á góma í vinnu verkefnisins Byggjum grænni framtíð.

4. Fjárhagsáætlun stjórnar. Þórhildur Fjola Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri

Þórhildur fór yfir fjárhagsáætlun stjórnar 2021. Þegar er búið að ná inn 90% af aðildargjöldum sem alls eru u.þ.b 10mkr. Heildarráðstöfunartekjur eru áætlaðar u.þ.b. 14mkr. Stærsti kostnaður félagsins er launakostnaður starfsmanna. Ekki er gert ráð fyrir auknum starfskrafti í ár, en þetta þarf að endurskoða ef tækifæri og rúm gefst til, einkum m.t.t. fyrirhugaðrar starfsáætlunar. Kostnaður er áætlaður u.þ.b. 14mkr.

5. Reikningsskil. Kristjana Ósk Jónsdóttir, gjaldkeri.

Kristjana Ósk, gjaldkeri, kynnti ársreikning félagsins fyrir 2020. Aðildargjöld hækkuðu örflítið og 1,8mkr fengust í styrki. Laun og launatengd gjöld eru svipuð og hafa verið. Styrkir frá árinu 2019 voru einnig notaðir á árinu 2020 og kemur þetta fram sem „tap“ á árinu 2020 eða „hagnaður“ ársins 2019. Eigið fé er 3,7mkr í byrjun árs 2021.

Gyða Mjöll skoðunarmaður sagði frá því að reikningur hefði verið skoðaður. Stóðst hann áætlun og voru engar athugasemdir gerðar við reikninginn. Kristján Arinbjarnar tók fram að ekki væri vandkvæðum bundið að skoða t.d. styrki félags tvö ár í senn upp á skýrleika..

Engar spurningar bárust um ársreikning og var hann samþykktur samhljóða.

6. Tillögur og breytingar á lögum félagsins.

Ólöf les upp tillögur að breytingum á lögum félagsins, sem send var í tölvupósti til aðildarféлага 19.4.2021 (sjá hér að neðan). Um litlar breytingar eru að ræða, þ.e. gr. 4 í lögum félagsins, sjá rauðmerkt :

Breytingartillaga

AÐILD 4. gr.

Starfandi íslensk fyrirtæki, stofnanir, einstaklingar og sveitarfélög geta orðið aðilar. Þá geta einungis einstaklingar sótt um stuðningsaðild. Umsóknum um aðild skal beina til stjórnar og skal umsóknaraðild afgreidd á stjórnarfundi. Aðilar skulu greiða árgjald fyrir 1. mars ár hvert. Stjórn félagsins gerir tillögu að árgjaldi og leggur fyrir aðalfund. Aðilar skipa sér í flokka eftir



upphæð árgjalds sem þeir velja af lista og hljóta áhrif í samræmi við þann flokk sem þeir skipa sér í. Flokkarnir skulu vera 4 talsins og færir lægsta upphæðin stuðningsaðila í 4. flokki eitt atkvæði á aðalfundi, næst lægsta upphæðin í 3. flokki tvö atkvæði á aðalfundi, næst hæsta upphæðin í 2. flokki fjögur atkvæði og hæsta upphæðin færir aðila í 1. flokki sex atkvæði á aðalfundi. Einn og sami fulltrúi fer með öll atkvæði aðilans á fundi. Stjórn félagsins ákveður nánar um hvaða ávinning einstakir flokkar aðildar hafa annan en atkvæðavægi. Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins um úrsögn fyrir 1. febrúar ár hvert.

Greinargerð stjórnar með breytingatillögu:

Í gildandi lögum félagsins er ekki gerður greinarmunur á aðildarflokkum umfram fjölda atkvæða á aðalfundi. Að mati stjórnar væri hægt að styrkja fjárhag félagsins með því að skerpa á ávinningi sem aðild í efstu flokkum felur í sér, t.a.m. með auknum afsláttarkjörum á viðburði eða bættum kynningarmöguleikum, og skapa þannig aðilum aukinn hvata til að skipa sér í efri aðildarflokka, án þess þó að skerða ávinning þeirra aðila sem ekki hafa kost á slíku.

Ragnar fór með nánari skýringar á breytingartillögu. Atkvæðavæginu er ekki breytt, en ef stjórn telur að rétt sé að skilgreina mismunandi ávinning í mismunandi flokkum, þá gefst stjórn félags hverju sinni kostur á að útfæra þann ávinning.

Engar spurningar bárust eða móttillögur og var litið svo á að breytingartillaga væri samþykkt.

7. Kjör stjórnar.

Ólöf kynnti stöðu stjórnar á þessum aðalfundi, þ.e. þrjú sæti til kjörs:

- Kristjana Ósk Jónsdóttir –býður sig ekki fram til áframhaldandi kjörs
- Ólafur Wallevik –býður sig ekki fram til áframhaldandi kjörs.
- Olga Árnadóttir arkitekt býður sig til fram til kjörs

Tvö ný framboð bárust til kjörs í stjórn fyrir fundinn:

- Anna Sigríður Jóhannsdóttir hjá VA arkitektum.
- Íris Þórarinsdóttir, umhverfisstjóri hjá Reitum.

Þórhildur þakkar Ólafi og Kristjönu, sem hvorutveggja hafa setið í fjögur ár í stjórn félagsins, kærlega fyrir samstarfið. Ólafur þakkar sömuleiðis fyrir ötult starf framkvæmdastjóra og útskýrir að hann bjóði sig ekki fram til áframhaldandi setu í ljósi tveggja frambærilegra framboða.

Olga Árnadóttir tekur fyrst til máls og segir frá sér og sínu starfi.

Framkvæmdasýslan hefur áhuga á að bjóða fram stuðning sinn áfram og þykir þeim mikilvægt að a.m.k. 1 opinber framkvæmdaraðili með reynslu af BREEAM málum sitji í stjórn félagsins næstu 2 ár þegar þessi vinna fer fram.

Anna Sigríður Jóhannsdóttir tekur til máls og kynnir sig. Hún hefur verið viðloðandi félagið frá upphafi og tekið þátt í ýmsum verkefnum á vegum þess. Hún hefur starfað hjá VA Arkitektum í 21 ár og stundað kennslu, hún er vottunaraðili fyrir BREEAM og



hefur tekið þátt í félagsstörfum fyrir Arkitektafélagið. Umhverfismálin eru henni hugleikin og er hún full tilhlökkunar og viljug til starfa.

Íris Þórarinsdóttir, umhverfisstjóri hjá Reitum, er með umhverfismálin þvert á félagið og er einnig verkefnisstjóri í þróunarverkefnum, t.d. BREEAM vottuð skipulög. Íris hefur í gegnum starf sitt þótt gott að geta leitað til Grænni byggðar. Áður vann Íris hjá Veitum við ofanvatnslausnir og hefur þannig unnið að vistkerfi borgarinnar og grænu borgarskipulagi en hefur undanfarið sett sig meira í byggingarmálin. Hún hefur fylgst með starfinu lengi og vil leggja félaginu lið.

Engin fleiri framboð bárust og voru frambjóðendur samþykktir í stjórn á fundi með rafrænu lófataki.

8. Kjör skoðunarmanna (sbr. 9. gr.)

Skoðunarmenn: Gyða Mjöll Ingólfsdóttir hjá Reykjavíkurborg, Kristján Arinbjarnar hjá ÍA. Gyða og Kristján segja fáein orð um ársreikning sl. árs (sjá undir lið 5) og bjóða sig áfram til starfa við skoðun reikninga.

9. Önnur mál.

Þórhildi er þakkað fyrir einstaklega öflugt starf sl. ár en hún kveður eftir 5 ára starf með miklum söknuði stjórnar og félagsmanna. Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar er að velja eftirmann sem hefur ærið verkefni að fylgja í fótspor hennar.

Orðið er laust.

Bjarni Þórólfsson, stjórnarmaður, vill fá að koma á framfæri sérstöku þakklæti til Þórhildar sem hefur fylgt eftir störfum Grænni byggðar með sóma, eldmóði og fagmennsku. Framlag hennar hefur verið mikilvægt fyrir félagið sem hefur vaxið mikið á sl. árum. Einnig þakkar hann stjórnarmönnum sem nú kveðja félagið.

Ólafur Wallevik, fráfarandi stjórnarmaður, kveður og þakkar fyrir gott starf en mikill árangur hefur náðst í samfélaginu. Vægi vistvænna áherslna hefur vaxið með veldisvexti innan byggingargeirans. Óskar hann nýrri stjórn farsældar með að gera enn betur.

Björn Karlsson þakkar kærlega fráfarandi framkvæmdastjóra og stjórnarmönnum. Frábærlega vel unnið rannsóknarstarf á sl. 2 árum og frábært að sjá hvernig starfið hefur vaxið og verið blómlegt á undanförunum árum. Einnig þakkar hann Þóru fyrir góða kynningu og fyrir öflugt starf innan HMS í samvinnu við Grænni byggð.

Þórhildur, fráfarandi framkvæmdastjóri, þakkar kærlega fyrir sig og samstarf í stjórn félagsins. Fagnaðarefni að sjá góða meðbyr í samfélaginu, hjá framleiðendum, fasteignapróunarfélögum og ólíkum aðilum innan byggingargeirans, en það hefur orðið mikil vitundarvakning og allir farnir að láta til sín taka.

Fundi er slitið kl. 13.30.